


Ársskýrsla Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings



Velferðarþjónusta almanaksárið 2021

Skólaþjónusta skólaárið 2021-2022

Skipurit skóla- og velferðarþjónustu Árneshings 2021 – 2022



Mynd 1. Forstöðumaður er næsti yfirmaður starfsfólks Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings en starfsfólk félagsþjónustusvæðanna (Hveragerði, Ölfus, Uppsveitir og Flói), heyrir undir það sveitarfélag eða hóp sveitarfélaga þar sem það hefur starfsstöð.

Nefnd oddvita og sveitastjóra (NOS)

Byggðasamlag um Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings (SVÁ), var stofnað 24. júní 2015. Sveitarfélög sem eru aðilar að byggðasamlaginu eru: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus. Stjórn byggðasamlagsins (NOS), fer í umboði viðkomandi sveitarstjóra með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar. Stjórnin skipa oddvitar/sveitarstjóra aðildarsveitarfélaganna. Í stjórn NOS sátu eftirtaldir fulltrúar árið 2021.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður, sveitarfélaginu Hveragerði
Elliði Vignisson, sveitarfélaginu Ölfus
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi
Árni Eiríksson, Flóahreppi
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Björgvin Skapti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd er skipuð sjö fulltrúum frá hverju sveitarfélagi og skipar stjórn byggðarsamlagsins (NOS), í nefndina. Nefndin fer með í umboði viðkomandi sveitarstjórna, stjórn og framkvæmd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Nefndarmenn eru sem hér segir:

Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður
Ásmundur Lárusson
Valgerður Sævarsdóttir
Smári B. Kolbeinsson
Elsa Jóna Stefánsdóttir
Bjarney Vignisdóttir
Sigurður Einar Guðjónsson

Starfsfólk SVÁ

Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu:

Ragnheiður Hergeirsdóttir til 30. júní 2021

Melkorka Jónsdóttir frá 6. ágúst 2021

Skólaþjónusta skólaárið 2021-2022:

Hrafnhildur Karlsdóttir, teymisstjóri og kennsluráðgjafi 100%

Kristín Arna Hauksdóttir kennsluráðgjafi í 80%

Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir hegðunarráðgjafi 80% Hóf störf 15. nóvember 2021

Ragnar Ragnarsson, sálfræðingur 100%

Anna Stefanía Vignisdóttir, talmeinafræðingur Uppsveita og Flóa í 60%

Álfhildur Þorsteinsdóttir, talmeinafræðingur Hveragerðisbæjar í 80%. Lauk störfum 30. júní 2022.

Sigurdís Erlendsdóttir, þjónustufulltrúi 50% - fæðingarorlof í júlí 2021 – 15.08. 2022

Röðull Reyrr Kárasón, þjónustufulltrúi 50% - 100% - afleysing frá 2.08. 2021 – 30.09. 2022.

Skólaárið 2021-2022 voru tvær 100% stöður sálfræðinga lausar, ekki tókst að ráða í þær á tímabilinu. Sú vinna sem snýr að greiningum er meðal annars leyst með sálfræðingum í verktöku. Frá 8. nóvember 2021 voru tveir verktakar sem sinntu slíkri vinnu.

Frá 1. nóvember 2021 var ákveðið að ráða inn í stöðu hegðunarráðgjafa. Þetta er tilraunverkefni til 1 árs og byggir hugmyndafræðin m.a. á snemmtækri íhlutun og lögum um farsæld barna sem tóku gildi 1. janúar 2022. Verkefni hegðunarráðgjafa liggja bæði innan skóla- og velferðarþjónustu.

Verkefnastjóri málefni fatlaðs fólks

Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi í 80% Í leyfi frá 1.01. 22 – 31.08. 22. Lauk störfum 31.08. 2022

Barnavernd Árneshings

Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri barnaverndar í 100%

Félagsþjónusta sveitarfélaganna:

Hveragerðisbær: Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi, Snjólaug Sigurjónsdóttir félagsráðgjafi (50%) (í fæðingarorlofi frá maí 2021), Sigríður Hauksdóttir ráðgjafi, (afleysingastaða frá júní 2021), Rannveig Reynisdóttir, forstöðumaður heimaþjónustu, (í fæðingarorlofi frá júní 2021), Eygló Huld Jóhannesdóttir, verkefnastjóri heimaþjónustu.

Sveitarfélagið Ölfus: Eyrún Hafþórsdóttir, félagsráðgjafi og Snjólaug Sigurjónsdóttir, félagsráðgjafi 50% (í fæðingarorlofi frá maí 2021).

Laugarás (Uppsveitir Árneshýslu og Flóa): Sigurjón Árnason félagsráðgjafi, (lauk störfum maí 2021), Sigrún Símonardóttir forstöðumaður heimaþjónustu, Edda Sigurjónsdóttir, félagsráðgjafi (hóf störf í júní 2021).

Íbúafjöldi á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Hveragerði	2463	2483	2580	2699	2778	2.984
Ölfus	1956	2005	2110	2276	2369	2.481
Bláskógabyggð	979	1026	1110	1163	1141	1.164
Flóahreppur	619	648	650	687	690	694
Grímsnes- og Grafningshreppur	465	467	470	497	492	525
Hrunamannahreppur	807	773	780	818	822	818
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	521	594	710	609	590	576
	7810	7996	8410	8749	8882	9242

Tafla 1. Íbúafjöldi í aðildarsveitarfélögum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings 2016-2021 (tölur miðast við 1. janúar 2022).

Velferðarþjónusta Árneshvíks 2021

Velferðarþjónusta Árneshvíks starfar á grundvelli laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 m.s.b., barnaverndarlaga nr. 80/2002, laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Markmiðsgrein laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga kveður á um að með félagsþjónustu sé fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúanna tryggt og stuðlað að velferð þeirra á grundvelli samhjálp. Markmiðum skuli náð með því:

- að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti
- að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna
- að veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi
- að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál

Veita skal þjónustu á sviði félagslegrar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, stuðningsþjónustu/ félagslegrar heimaþjónustu og húsnæðismála. Þá eru tilgreindar *sérstakar skyldur við ákveðna hópa*: börn og ungmenni, aldraða, fatlað fólk og þá sem eiga í fíknivanda.

Hvetja skal fólk til sjálfsábyrgðar og virða sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins samhliða því að styrkja hann til sjálfshjálp.

Markmið velferðarþjónustu Árneshvíks

- Markmið með velferðarþjónustu er að veita upplýsingar og leiðbeiningar vegna annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar aðstoð vegna félagslegs eða persónulegs vanda. Í störfum sínum leggur starfsfólk velferðarþjónustunnar áherslu á fyrirbyggjandi úrræði og leiðir sem stuðla að hjálp til sjálfshjálp.
- Félagsleg ráðgjöf er veitt án fordóma og af virðingu fyrir einstaklingum. Áhersla er lögð á styrkleika notenda þjónustunnar með heildarsýn að leiðarljósi. Áhersla er á að virkja notendur til sjálfhjálp með fjölbreyttum virkniúrræðum sem henta þörfum sem flestra.
- Markmið með barnaverndarstarfi er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná þessum markmiðum með því að styðja fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaganna um málefni barna m.a. til að tryggja sem best að tilkynningarskylda skv. barnaverndarlögum sé virt.
- Stuðningsþjónusta/ félagsleg heimaþjónusta skal vera einstaklingsmiðuð og veittur skal viðeigandi stuðningur til aldraðra svo þeir geti dvalið sem lengst á eigin heimili.
- Heimili fatlaðs fólks hafa hugmyndafræði um sjálfstætt líf að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði íbúanna, að styðja þá til þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Félagsleg ráðgjöf

Félagsleg ráðgjöf er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir og getur bæði verið í formi almennrar og sérhæfðrar ráðgjafar.

Markmið félagslegrar ráðgjafar er tvíþætt. Annars vegar að veita upplýsingar um félagsleg réttindamál og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda.

Ráðgjöf sem stendur til boða er:

- Félagsleg ráðgjöf s.s. vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengismála
- Ráðgjöf vegna fjármála
- Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða þjónustu í búsetu
- Ráðgjöf er tengist atvinnu og endurhæfingu
- Sérhæfð ráðgjöf / þjónusta vegna fatlaðra barna

Fjöldi mála í félagslegri ráðgjöf hefur ekki verið talinn sérstaklega.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en samkvæmt þeim er hverjum og einum skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Í lögnum er einnig kveðið á um að sveitarfélag skuli veita íbúum sínum þjónustu og aðstoð sem er til þess fallin að bæta úr vanda eða koma í veg fyrir að fólk lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki séð fyrir sér og sínum. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna hefur sett sérstakar reglur um fjárhagsaðstoð sem starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu vinna eftir.

Ýmsar ástæður geta legið að baki því að fólk þurfi fjárhagsaðstoð, svo sem lág laun, atvinnuleysi eða veikindi. Fjárhagsaðstoð til einstaklings getur verið allt að kr. 164.000 á mánuði og kr. 262.400- á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð. Aðstoðin er óháð barnafjölda, þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Fjárhagsaðstoð skiptist í almenna framfærslu og/ eða heimildargreiðslur sbr. IV. kafla í reglum Skóla- og velferðarþjónustunnar um fjárhagsaðstoð. Undir heimildargreiðslur heyrir m.a. sérstakur stuðningur vegna barna, útfararstyrkur og styrkur til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Ákvörðun um heimildargreiðslur er tekin á föstum teymisfundum velferðarþjónustunnar. Ráðgjöf vegna fjármála er veitt þar sem þörf er fyrir hana og alltaf þegar fólk leitar eftir fjárhagslegri aðstoð.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur sveitarfélaga til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna. Félagsráðgjafi félagsþjónustunnar tekur við og metur umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning.

Fjöldi á fjárhagsaðstoð

Fjöldi einstaklinga/heimila sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu 2021 voru alls 65; Hveragerði 31, Ölfus 20 og Uppsveitir og Flói 14. Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar árið 2021 var kr. 46.670.416.- en árið 2020 var heildarupphæðin kr. 50.758.010.- *Sjá töflu 2.*

Starfsstöð	2021	2020	2019	2018	2017
Laugarás (Uppsveitir og Flói)	11.231.496	10.353.900	3.297.390	2.484.354	2.398.701
Hveragerði	17.455.284	22.699.951	19.832.471	17.858.974	14.220.243
Ölfus	17.983.638	17.703.903	7.385.206	6.939.022	5.817.650
Samtals á svæðinu	46.670.416	50.758.010	30.515.067	27.282.350	22.436.594

Tafla 2. Greidd fjárhagsaðstoð 2017-2021

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er neyðaraðstoð og einskonar öryggisnet þegar önnur úrræði eru ekki til staðar. Áhersla er lögð á að veita samhliða öflugra ráðgjöf og stuðning til sjálfshjálpar til að viðkomandi geti sem fyrst komist í launaða vinnu, endurhæfingu eða fengið þá aðstoð sem hann kann að eiga rétt á í öðrum bótakerfum, t.d. hjá Tryggingastofnun eða Vinnumálastofnun. Flestir fá fjárhagsaðstoð í 1 – 3 mánuði og þeir sem þarfnast fjárhagsaðstoðar lengur en í 6 mánuði eiga oft við fjölbættan vanda að stríða, s.s. fíknivanda, þunglyndi og félagsfærni. Í þeim tilvikum er gott samstarf sérlega mikilvægt milli ráðgjafa og viðkomandi einstaklings eða fjölskyldu því vandinn hefur í mörgum tilvikum staðið yfir lengri tíma.

Stuðningsþjónusta (félagsleg heimaþjónusta, liðveisla o.fl.)


Árið 2018 voru lög um félagsþjónustu sveitarfélaga endurskoðuð. Sveitarfélögum er nú skylt skv. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduáðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónustu skal veita svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar notanda miðað við aðstæður á hverjum stað. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Aðstoð skal veitt innan og utan heimilis samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur.

Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða stuðning vera meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þjónusta samkvæmt þeim lögum kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Þjónusta sem veitt er á grundvelli beggja laganna skal vera samþætt í þágu notanda. Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna þjónustu sem nemur allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé veittur í samræmi við þörf og að jafnaði í tiltekinn fjölda klukkustunda í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörf, sbr. 3. gr. Almennit viðmið er að aðstoð geti numið allt að 15 stundum á viku. Um aukna þjónustupörf

fyrir fatlað fólk fer samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Sveitarfélögin veita þjónustu almennt á dagvinnutíma og eru flestir að fá aðstoð við þrif á heimili. Í Sveitarfélaginu Ölfusi og hjá Hveragerðisbæ er einnig veitt þjónusta um kvöld og helgar og er þá fyrst og fremst verið að veita aðstoð við persónulega umhirðu. Á árinu 2021 var veitt félagsleg heimaþjónusta í Hveragerði og Uppsveitum og Flóa á samtals 178 heimilum (vantar tölur frá Ölfus). Sjá mynd 2.



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga/heimila sem fengu félagslega heimaþjónustu 2018-2021 (vantar tölur frá Ölfus 2021).

Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl hefur það að markmiði að auðvelda öldruðum að búa sem lengst á eigin heimili og er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjón til að geta búið lengur heima. Í dagdvöl er boðið upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Sveitarfélagið Ölfus rekur dagdvöl fyrir 8 einstaklinga í Þjónustuhúsi eldri borgara að Egilsbraut 9 í Þorlákshöfn.

Í Hveragerði rekur dvalar- og hjúkrunarheimilið Ás dagdvöl fyrir 5 einstaklinga sem nefnist Bæjarás. Reksturinn er í samstarfi við Hveragerðisbæ en Ás sér um daglegan rekstur og Hveragerðisbær sér um ferðaþjónustu til og frá dagdvöl. Einnig hafa einstaklingar úr Hveragerði nýtt sér þjónustu dagdvala í Árborg samkvæmt samningi milli sveitarfélaganna og þá í Vinaminni sem er dagdvöl fyrir fólk með elliglöp.

Málefni fatlaðs fólks

Fatlað fólk nýtur allrar almennrar þjónustu sem sveitarfélög veita. Í 3.gr. laga nr.38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir er réttur fatlaðs fólks til þjónustu skilgreindur. Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu eða stoðþjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum þessum. Þjónusta samkvæmt lögum þessum kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna þjónustu, allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. [26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.](#)

Lagabreytingarnar 2018 hafa töluverð áhrif á verklag og umfang verkefna félagsþjónustu sveitarfélaga í þessu sviði. Sem dæmi um nýmæli má nefna frumkvæðisskyldu sveitarfélaga, einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir, þjónustuteymi, NPA (notendastýrða persónulega aðstoð), notendasamráð og notendasamninga.

Einn einstaklingur er með NPA samning og þrír einstaklingar með beingreiðslusamning á félagsþjónustusvæði Árnesþings bs.

Stoðþjónusta

Með stoðþjónustu er átt við margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs og byggist m.a. á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess.

Í 8. gr. laga nr. 38/2018 er réttur fatlaðs fólks til stoðþjónustu skilgreindur svo:

Fötluðu fólki skal standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Stoðþjónustu þessa skal veita í hverju sveitarfélagi með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Skal hún miðast við eftirtaldar þarfir:

1. Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir þjónustu sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku.
2. Þarfir fatlaðra einstaklinga til hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu, m.a. á grundvelli viðeigandi aðlögunar, svo að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.
3. Þarfir fatlaðra einstaklinga fyrir sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þ.m.t. ástundun tómsunda og menningarlífs.
4. Þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.
5. Þarfir fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er réttur fatlaðs fólks til *akstursþjónustu skilgreindur*. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki, kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómsunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðs lífs eins og kostur er hverju sinni.

Búseta og hæfing

Í Árnesþingi reka sveitarfélögin tvo búsetukjarna fyrir fatlað fólk sem þarf á sólarhringsþjónustu að halda.


Heimilið að Birkimörk er staðsett í Hveragerði og búa þar 5 einstaklingar. Starfsmenn heimilisins hafa það að leiðarljósi að veita íbúunum þjónustu af virðingu og mannlegri reisn. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði íbúanna, að styðja þá í þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Heimilið að Selvogsbraut er staðsett í sveitarfélaginu Ölfusi og bjuggu í árslok 2021 4 einstaklingar. Markmið heimilisins er að skapa íbúum öruggt heimili. Íbúar njóta aðstoðar á þeim sviðum er hindranir mæta þeim og leitast er við að örva styrkleika þeirra. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði og félagsleg samskipti íbúanna og að auka lífsgæði þeirra í samræmi við óskir þerra og þarfir.


Í Árnesþingi eru jafnframt starfandi sjálfstæðir rekstaraðilar sem reka heimili fyrir fatlað fólk. Þeirra stærst eru Sólheimar með allt að 44 fatlaða einstaklinga í búsetu. Þá kemur Skaftholt með 8 einstaklinga í búsetu. Á Sólheimum og Skaftholti er veitt altæk þjónusta þ.e. búseta, atvinna/hæfing og tómsundir.

Viss vinnu- og hæfingarstöð í Þorlákshöfn er rekið sem útibú frá VISS á Selfossi. Þar er boðið upp á hæfingu og vinnu fyrir einstaklinga sem eru með skerta starfsgetu. Á VISS á Flúðum starfa 5 einstaklingar með skerta starfsgetu og eru í hæfingu og vinnu.

Samkvæmt Hagstofuskýrslu fyrir árið 2021 var fjöldi fatlaðs fólks/barna 167 einstaklingar en þó er í vinnslu að enn fleiri fari í SIS mat til að meta raunþörf og þjónustu út frá því.
Sjá mynd 3



Mynd 3: Fjöldi fatlaðs fólks/barna á árunum 2019 – 2021 sem fær þjónustu, skipt eftir félagsþjónustuvæðum. Hér að neðan má sjá fjölda eftir fullorðnum/börnum í Hveragerði og Uppsveitum og Flóa árið 2021. *Sjá mynd 4.*



Mynd 4: Fjöldi barna/fullorðinna með fötlun sem fá þjónustu í Hveragerði og Uppsveitum og Flóa árið 2021.

Nánari samantekt – Uppsveitir og Flói

Árið 2021 voru 65 fullorðnir og 19 börn sem fengu þjónustu. Alls voru 54 einstaklingar með SIS mat og 15 eru/voru á leið í slíkt mat.

- 10.194 tímar veittir í grunnþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- Alls voru 72 einstaklingar með þjónustusaminga
- 48 einstaklingur með þjónustu í gegnum Bergrisa b.s.
- 51 einstaklingsbundnar áætlanir
- 4 í skammtímadvöl
- 3 með stuðningsfjölskyldu
- 3 á biðlista eftir sértæku búsetuúrræði
- 52 í hæfingu eða á vernduðum vinnustað

Nánari samantekt - Hveragerðisbær

Árið 2021 voru 21 fullorðnir og 22 börn sem fengu þjónustu. Alls voru 21 einstaklingar með SIS mat og 2 á leið í slíkt mat.

- 4682 tímar veittir í grunnþjónustu grunnþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- 7 einstaklingur með þjónustu í gegnum Bergrisa
- 22 þjónustusamningar
- 9 einstaklingsbundnar áætlanir
- 1 í skammtímadvöl
- 2 með stuðningsfjölskyldu
- 5 á biðlista eftir sértæku búsetuúrræði
- 11 í hæfingu eða á vernduðum vinnustað eða í AMS
- 1 barn bjó utan heimilis eða í búsetuúrræði sem er í umsjón Árborgar.

Barnavernd

Skólaþjónusta-og velferðarnefnd Árneshvíls fer með hlutverk barnaverndarnefndar og ber ábyrgð á meðferð barnaverndarþjónustu. Fulltrúar í nefndarinnar eru sjö og varafulltrúar jafnmargir. Starfsfólk barnaverndar vinnur í umboði skólaþjónustu-og velferðarnefndar.

Sveitarfélögin hafa ríkar skyldur til að gæta hagsmuna barna og unglunga samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Það felur m.a. í sér að hafa eftirlit með aðbúnaði barna og unglunga og bregðast við ef aðstæður þeirra eru ekki sem skyldi. Félagsráðgjafar/ráðgjafar vinna að málefnum barna og ungmenna samkvæmt barnaverndarlögum og í umboði Skólaþjónustu-og velferðarnefndar Árneshvíls.

Markmið barnaverndarlaga er að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður og/eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Börn eru í skilgreiningu laganna barn þar til þau hafa náð 18 ára aldri.

Þegar mál eru til meðferðar hjá barnaverndarþjónustu er lögð mikil áhersla á að leitast við að eiga gott samstarf við foreldra/forsjáaraðila og börn og mál unnin í samvinnu við þessa aðila.

Tilkynningarskylda

Til að barnaverndarþjónusta geti sinnt hlutverki sínu er hún háð því að tilkynningar um aðstæður barna berist henni. Starfsmenn barnaverndar geta þó tekið sjálfstæða ákvörðun um að hefja könnun máls með öðrum hætti. Allir hafa tilkynningarskyldu til barnaverndar skv. 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar segir að hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu sé skylt að tilkynna það til barnaverndar. Í 17. gr. laganna er sérstaklega kveðið á um tilkynningarskyldu þeirra sem hafa afskipti af börnum í starfi sínu. Tilkynningarskylda þeirra gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu. Þá er kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu í 18. gr. barnaverndarlaga. Tilkynna á ef grunur er fyrir hendi. Það er síðan starfsmanna barnaverndarþjónustu að meta upplýsingarnar og taka ákvörðun um hvort kanna eigi málið frekar og beita stuðningsúrræðum ef þörf er á.

Sú ákvörðun að tilkynna barnaverndarnefnd er oft erfið fyrir einstaklinga. Það getur einnig verið flókið að finna út hvert á að tilkynna og hvernig unnt er að ná sambandi við starfsmenn hennar. Skóla-og velferðarþjónusta Árneshöfða er með hnapp inn á heimasíðu sinni þar sem fólk getur sent inn tilkynningu. Einnig er hægt að tilkynna í gegnum 1-1-2 utan hefðbundins skrifstofutíma sem annað hvort gefa samband við bakvaktarsíma barnaverndar eða taka niður upplýsingar og koma þeim til viðkomandi barnaverndarþjónustu. 1-1-2 starfar sem kunnugt er allan sólarhringinn, árið um kring.

Ávallt er leitast við að styðja fjölskyldur og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Þegar tilkynning berst til barnaverndar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barns tekur starfsfólk barnaverndar ákvörðun á fundi um hvort hefja skuli könnun málsins. Foreldrum er sent bréf til upplýsinga um að tilkynning hafi borist og leiðbeiningar um næstu skref. Tilkynnanda er einnig sent bréf til staðfestingar á móttöku tilkynningar auk þess sem veittar eru almennar upplýsingar um málsmeðferðina. Málefni barna eru unnin á grundvelli barnaverndarlaga.

Við vinnslu barnaverndarmála er megináhersla lögð á aðstæður og líðan barna. Leitast er eftir að börn komi skoðunum sínum og sjónarmiðum á framfæri í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra og samstarf við aðrar fagstéttir þegar það á við.

Flest barnaverndarmál eru unnin í góðri samvinnu við foreldra og börn. Mikil áhersla er lögð á að finna sameiginlegar lausnir og leiðir og eru gerðar meðferðaráætlanir til að gera plan til að ná lausnir á málinu. Mál sem unnin eru samkvæmt barnaverndarlögum hefjast á því að kannað er hvort aðbúnaður barns sé ábótavant eð að barn kunni að vera í hættu. Ef könnun leiðir í jós

að úrbóta er þörf er gerð meðferðaráætlun í samvinnu við foreldra og barns eftir aldri þess og þroska. Áhersla er lögð á stuðning við foreldra í uppeldishlutverkinu enda er það meginforsenda þess að barnaverndarstarf beri árangur. Beitt er ýmsum stuðningsúrræðum þar til viðunandi árangur næst.

Ef meðferðaráætlun nær ekki fram að gagna og foreldrar eru ekki í samvinnu þá reynist stundum nauðsynlegt að beita þvingunarúrræðum og þá eru mál lögð fyrir skólaþjónustu-og velferðarnefnd og þarf hún þá að úrskurða í málinu jafnvel gegn vilja forsjáradila.

Félagsþjónusta sveitarfélaga vinnur einnig að vernd barna og ungmenna á fjölbreyttan hátt og vinnur mikilvægt forvarnastarf á sviði barnaverndar án þess að mál séu formlega barnaverndarmál.

Tilkynningar


Mál telst barnaverndarmál þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun máls sbr. 5. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga vegna aðbúnað barns (vanræksla), ofbeldi gegn barni eða um áhættuhegðun barns. Á árinu 2021 bárust alls 239 tilkynningar til barnaverndarþjónustu í umdæmi Skóla-og velferðarþjónustu Árneshöfna vegna 158 barna, 119 drengir og 120 stúlkur.

Fjölgun hefur verið á tilkynningum undanfarin ár. Í *töflu 3* sést samanburður sl. átta ár og á mynd 5 (bls, 15), samanburður sl. fjögur ár.

Heildarfjöldi tilkynninga	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014
Hveragerði	89	57	84	37	58	50	21	41
Laugarás	67	44	24	15	16	25	17	9
Ölfus	83	97	79	33	49	25	17	29
Samtals	239	193	187	85	123	100	55	79

Tafla 3: Heildarfjöldi tilkynninga á árunum 2014 – 2021

Fjöldi tilkynninga til barnaverndar á árunum 2018 - 2021



Mynd 5: Fjöldi tilkynninga til barnaverndar á árunum 2018 – 2021 skipt eftir félagsþjónustusvæðum

Flestar tilkynningar eru vegna vanrækslu eða 94, tilkynningar vegna ofbeldis bárust í 86 tilfellum og áhættu hegðun barna var tilkynnt í 59 tilfellum. Langflestar tilkynningar bárust frá lögreglu eða 72 þar á eftir eru grunnskólarnir með 40 tilkynningar. *Sjá töflu 4.*

Tilkynnendur	2021	2020	2019	2018	2017	2016
Lögregla	72	30	67	18	29	19
Skóli	40	49	31	21	17	23
Ættingjar aðrir en for	25	18	19	4	3	7
Foreldri/ar barns	22	12	11	9	16	6
Leikskóli	18	13	6	8	3	6
Heilbrigðisyfirvöld	14	7	15	2	7	6
Nágrannar	10	5	0	2	24	17
Félagsþjónusta	7	0	1	2	5	0
Önnur barnavernd	3	8	4	1	8	9
Barnið sjálft	0	6	2	1	3	1
Aðrir	28	28	31	13	8	6

Tafla 4: Yfirlit yfir tilkynnendur á árunum 2016 – 2021.

Könnun mála/áætlanir

Mál telst barnaverndarmál þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun máls sbr. 5. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Af þeim 239 tilkynningum sem bárust var ákveðið að fara í könnun á 200 tilkynningum vegna 117 barna, drengir 61 og stúlkur 56. Rætt var við 75 börn við könnun máls. Könnun máls lýkur með greinargerð sem lögð er fyrir teymisfund barnaverndar og tekin er ákvörðun um hvort þörf sé á því að vinna að málinu áfram, hvort ástæða sé til að veita stuðning skv. Barnaverndarlögum. Að lokinni könnun var tekin ákvörðun um að ekki væri talin þörf á frekari stuðningi vegna 22 barna.

Að lokinni könnun er gerð tímasett meðferðaráætlun, undirrituð af starfsmanni, foreldrum og barni ef við á. Gerðar voru nýjar áætlanir vegna 54 barna, alls voru 133 áætlanir gerðar á árinu 2021 (áætlanir geta verið nokkrar vegna sama barns sem og vegna vinnslu mála frá fyrri árum). Eitt mál lauk með sviptingu forsjár foreldris fyrir dómsstólum á árinu 2021.

Fóstur/vistunarmál

Með fóstri er átt við að barnavernd feli fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjá mánuði. Fósturráðstafanir eru þrenns konar; tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Barn fer í tímabundið fóstur þegar ætla má að bæta megi hæfni foreldra. Tímabundið fóstur skal ekki vara lengur en tvö ár nema í undantekningartilvikum. Með varanlegu fóstri er átt við að ráðstöfunin haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum við 18 ára aldur barnsins. Barn fer í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt er að aðstæður þess verði ekki bættar með öðrum hætti. Styrkt fóstur á við þegar barn á við mikla hegðunarerfiðleika að etja og þörf er á sérstökum stuðningi við barnið

Í árslok 2020 voru 6 börn í vistun á á vegum barnaverndarnefndar. Tvö börn voru í tímabundnu fóstri, þrjú börn voru í varanlegu fóstri og 1 barn á grundvelli 3.gr. barnaverndarlaga (18-20 ára).

Meginregla barnaverndarlaga er sú að viðhafa skuli ákveðna málsmeðferð áður en gripið er til þvingunarúrræða, svo sem að leiðbeina aðilum, kynna þeim gögn og gefa þeim kost á að tjá sig. Ef ljóst þykir að barni stafi hættu af því að fara þessa leið er hægt að grípa strax til ráðstöfunar sbr. 31. gr. barnaverndarlaga Þær ráðstafanir sem hér koma aðallega til skoðunar eru þær sem varða töku barns af heimili eða kyrrsetningu þess á stað þar sem það er. Neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga var gripið til vegna sex barna á árinu 2021 tvö af þeim var vegna lokaðri deild á Stuðlum.

Bakvaktir

Starfsmenn barnaverndar skipta með sér að vera á bakvöktun á svæðinu. Bakvaktin er neyðarvakt vegna barnaverndarmála og er opin utan skrifstofutíma. Þegar erindi berst á bakvakt er metið hvort þörf er á tafarlausri aðstoð. Öll símtöl til vaktarinnar fara í gegnum Neyðarlínu 112 eða lögreglu. Alls bárust 26 tilkynningar til barnaverndar í gegnum Neyðarlínuna 112, 18 vegna stúlkna og 8 vegna drengja.

Önnur verkefni

Barnaverndarþjónusta sendir inn mánaðarlega skýrslu til Barna-og fjölskyldustofu um fjölda tilkynninga og ástæður. Einnig er skilað skýrslu til sömu stofnunar árlega um þau verkefni sem þjónustan hefur haft með hönum á árinu.

Þá sátu starfsmenn barnaverndar/félagsþjónustu nemendaverðaráðsfundi í grunnskólum á svæðinu og í teyllum vegna einstakra barna bæði í leik-og grunnskólum. Þá sinna starfsmenn barnaverndar ráðgjöf til ýmissa stofnanna og einstaklinga.

Skólaþjónusta Árneshvíls skólaárið 2021-2022

Skólaþjónusta Árneshvíls starfar á grundvelli reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu. Teymisstjóri er tengiliður teymisins við forstöðumann Skóla- og velferðarþjónustunnar í daglegum störfum. Hann hefur yfirumsjón með verkaskiptingu og samvinnu í teyminu og samhæfir störf teymisins. Teymisstjóri hefur yfirumsjón með samvinnu við velferðarþjónustu og er jafnframt staðgengill forstöðumanns.

Þann 1. október 2021 voru 1.618 nemendur í leik- og grunnskólum á svæðinu. Fjöldi nemenda breytist lítillega yfir skólaárið. *Sjá töflu 5*

Sveitarfélag	Skólar	Fjöldi nemenda 1. okt. 2021
Bláskógabyggð	Leikskólinn Álfaborg	33
	Bláskógaskóli Reykholti	100
	Bláskógaskóli-Laugarvatni, leiksk.deild	20
	grunnskóladeild	54
Flóahreppur	Leikskólinn Krakkaborg	36
	Flóaskóli	117
Grímsnes-og Grafningshreppur	Kerhólsskóli leikskóladeild	16
	Kerhólsskóli grunnskóladeild	50
Hrunamannahreppur	Leikskólinn Undraland	42
	Flúðaskóli	94(21 úr Skeið- og Gnúp)
Hveragerðisbær	Leikskólinn Óskaland	94
	Leikskólinn Undraland	111
	Grunnskólinn í Hveragerði	420
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Leikskólinn Leikholt	37
	Þjórsárskóli	44
Sveitarfélagið Ölfus	Leikskólinn Bergheimar	104
	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	246
	Samtals	1.618

Tafla 5. Fjöldi nemenda eftir skólum haust 2021

Tafla 6: Fjöldi nemenda í grunnskólum á þjónustusvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls 2016-2020.

Markmið Skólajónustu Árneshings

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styðja við og efla samvinnu leik-, grunn- og framhaldsskóla í Árneshingi og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna, stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.

Teymisstjóri hefur umsjón með skipulagningu skólajónustunnar og stýrir vinnu hennar í samráði við yfirmann.

Sálfræðipjónusta

Skólaárið 2021-22 var aðeins einn sálfræðingur í fullu starfi hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings en þrjár stöður sálfræðinga eru ætlaðar hjá þjónustunni. Tilraunir SVÁ til að ráða sálfræðinga til starfa báru engan árangur og munu margar viðlíka þjónustustofnanir og SVÁ glíma við sama vanda. Til að mæta þessari alvarlegu undirmönnun réði SVÁ tvo sálfræðinga sem verktaka.

Við lok skólaársins 2021-22 var staða tilvísana til sálfræðinga SVÁ þessi: Lokið var vinnslu 130 tilvísana, 17 mál voru í vinnslu og 79 tilvísanir voru á biðlista. Lengsti biðtíminn síðastliðinn vetur var breytilegur á milli mánaða, eða frá 9 og upp í 14 mánuði. Við lok skólaársins var hann 10 mánuðir. Það á að vera forgangsatriði að koma hámarksbið niður í a.m.k. þrjá mánuði vegna þess að biðlistabiðin eykur almennt vanda barnanna og seinkar viðbrögðum og úrræðum sem verða oftast til í kjölfar úrvinnslu tilvísana.

Á skólaárinu kom út skýrsla byggð á úttekt á starfi SVÁ þar er m.a. að finna mjög skýr stöplarit sem sýna geysilega aukningu í fjölda tilvísana til sálfræðinga. Á bak við þennan vöxt kunna að vera margar skýringar eins og að það þykir orðið sjálfsagðara mál í dag að leita eftir þjónustu sálfræðinga, aðgengi að þjónustunni er frekar auðvelt, ýmsar samfélagsbreytingar vekja ný verkefni sem sálfræðingar eru beðnir að sinna og svo gefur áður nefnd úttekt til kynna að ánægja er með störf sálfræðinga SVÁ.

Í samantekt má segja, að þrátt fyrir alvarlega undirmönnun og holskeflu tilvísana tókst sálfræðingum SVÁ að halda sjó síðastliðið skólaár með útsjónarsemi og mikilli vinnu.

Þjónusta talmeinafræðinga

Talmeinafræðingar skólaþjónustu eru tveir, annar starfar fyrir Uppsveitir og Flóa og hinn fyrir Hveragerðisbæ. Helstu verkefni talmeinafræðinga felast í þjálfun og greiningum á framburði og málþroska. Þá veita talmeinafræðingar ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla um málefni er varða tal og málmeið barna. Talmeinafræðingar kenna á námskeiðum og fræðslufundum Skóla- og velferðarþjónustu og sinna teymisvinnu í leik- og grunnskólum.

Talmeinafræðingar tóku eins og áður þátt í skólafærninámskeiðum sem hægt var að halda með hefðbundnum hætti að þessu sinni. Lítið var um ráðstefnur en hægt var að sækja sér fræðslu í gegnum internetið og sóttu talmeinafræðingar sér fræðslu í gegnum netið, aðallega fræðslu erlendis frá.

Talþjálfun fór fram að mestu leyti á staðnum hjá talmeinafræðingi Hveragerðisbæjar, en talmeinafræðingur Uppsveita og Flóa hélt áfram að vinna í fjarþjálfun til að draga úr akstri og nýta tímann eins vel og hægt er.

Teymisstjóri skólaþjónustu Árneshöfna sendi könnun til leik- og grunnskóla í uppsveitum og Flóa 7. júní 2022. Þar var spurt um fyrirkomulag, kosti og galla fjarþjálfunar. Svörun var góð og voru helstu niðurstöður könnunarinnar að svarendur eru frekar eða mjög sáttir við að talþjálfun fari fram í fjarþjálfun. Helstu kostir eru tímasparnaður, talmeinafræðingur þarf ekki að keyra á milli skóla vegna þjálfunar og getur því sinnt fleiri nemendum. Þá kom einnig skýrt fram að kennarar eru ánægðir með að geta verið með í þjálfunartímum og þannig haldið áfram með svipaða þjálfun í skólanum. Helstu gallar eru að einstaka sinnum falla tímar niður vegna tæknivandamála. Í niðurstöðum kom skýrt fram að skólarnir kalla eftir mun fleiri talþjálfunartímum fyrir nemendum.

Talmeinafræðingur Hveragerðisbæjar tók tvo talþjálfunarnema á skólaárinu og lögðu þeir sitt af mörkum við talþjálfun og greiningar barna.

Á vordögum tóku talmeinafræðingar SVÁ þátt í samstarfsverkefni með talmeinafræðingum hjá Skólaþjónustu Árborgar og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Um er að ræða stutt fræðslumyndbönd ætlum leikskólastarfsmönnum um helstu tal- og málmeið leikskólabarna. Ætlunin er að deila upptökunum með skólunum á komandi skólaári.

Hér að neðan má sjá skiptingu starfa talmeinafræðinga þegar lítið er á þjálfun og greiningar, 134 börn fengu talþjálfun á skólaárinu og þá var misjafnt hversu marga tíma hvert barn fékk en þörfin er metin hverju sinni. Hér má sjá hlutfall greininga og þjálfunar. *Mynd 6.*



Mynd 6: Störf talmeinafræðinga skólaárið 2021-22

Kennsluráðgjöf

Skólaárið 2021-2022 störfuðu tveir kennsluráðgjafar, annar í 100% starfi og er jafnframt teymisstjóri skólaþjónustu, hinn í 80% stöðuhlutfalli. Verkefni þeirra felast meðal annars í því að stuðla að samstarfi leik- og grunnskóla í Árnesþingi og samstarfi einstakra hópa í skólunum t.d. faggreinakennara.

Kennsluráðgjafar veita ráðgjöf í leik- og grunnskólum vegna náms- og þroskastöðu, námsframvindu, félagsfærni og hegðunar. Þeir veita viðtöl, ráðgjöf og handleiðslu um verklag við snemmtæka íhlutun, þ.e. að bregðast fljótt við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda hjá börnum. Þá veita þeir ráðgjöf varðandi námsefni og viðeigandi kennsluumhverfi, oft í samvinnu við aðra sérfræðinga Skóla- og velferðarþjónustu. Ekki er bið eftir aðkomu kennsluráðgjafa, þeir bregðast ávallt fljótt við beiðnum um ráðgjöf.

Kennsluráðgjafar taka þátt í þverfaglegri aðkomu Skóla- og velferðarþjónustu að málefnum einstaklinga, s.s. í teyllum um málefni einstaklinga og skilafundum utanaðkomandi stofnana. Alls sátu tveir kennsluráðgjafar í 44 teyllum skólaárið 2020-2021. Þá aðstoða þeir við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um og koma að úrlausn bráðamála í samvinnu við hlutaðeigandi.

Kennsluráðgjafar liðsinna skólum við áætlanagerð um starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla og standa fyrir öflugum tilboðum skólaþjónustu varðandi símenntun fyrir allar starfsstéttir skólanna. Einnig er samvinna og ráðgjöf til sveitarstjórna hluti starfs þeirra. Þá halda kennsluráðgjafar utan um samráðsfundi leik- og grunnskólastjóra. *Sjá mynd 7.*



Mynd 7: Yfirlit verkefna kennsluráðgjafa 2021-2022

Hegðunarráðgjöf

Hegðunarráðgjafi var ráðinn til starfa 15. nóvember 2021. Unnið var að fyrirmynd Reykjanesbæjar þar sem hegðunarráðgjafi hefur starfað síðan 2017. Hegðunarráðgjafi sinnir ólíkum verkefnum hvort sem þau eru innan heimilis barns, í leikskóla eða grunnskóla. Hegðunarráðgjafi starfar bæði innan skólaþjónustu og velferðarþjónustu.


Hegðunarráðgjafi vinnur samkvæmt hugmyndafræðinni um snemmtæka íhlutun, veitir ráðgjöf á fyrsta og annars stigs vanda barna til að koma í veg fyrir að vandinn verði meiri. Í mörgum tilfellum fer hegðunarráðgjafi inn í mál barna sem eru að bíða eftir greiningu og/eða athugun sálfræðings eða talmeinafræðings til að veita ráðgjöf strax til foreldra og kennara. Einnig sinnir hegðunarráðgjafi flóknum málum þar sem önnur úrræði hafa ekki borið árangur. Hegðunarráðgjafi vinnur með foreldrum inni á heimili barns og einnig inni í skóla. Í sumum tilfellum fer ráðgjöfin einungis fram á heimili barnsins þegar vandinn birtist þar en ekki í skóla. Þetta er ný nálgun í ráðgjöf, í anda laga um farsæld barna og fjölskyldna.

Hegðunarráðgjafi tekur þátt í þverfaglegri vinnu í skólum og fagráðum þar sem hann aðstoðar við gerð áætlana um hegðunarmótandi aðgerðir, hvort sem um er að ræða uppeldisráðgjöf, skipulag m.t.t. hegðunar og líðanar barns, kennsluáðstæður eða félagstengsl.

Hegðunarráðgjafi heldur fyrirlestra og námskeið fyrir fagfólk og foreldra er varðar uppeldi, þroska, hegðun og líðan barna þegar þess er óskað og hefur einnig verið með fyrirlestra fyrir fagfólk er varðar streitu.

Frá því að hegðunarráðgjafi tók til starfa þann 15. nóvember 2021 til loka skólaárs 2022 sinnti hann 20 málum, þar af hefur þremur málum verið lokað.

Öll mál hegðunarráðgjafa hafa unnist í góðu samstarfi með foreldrum og kennurum. Hegðunarráðgjafi sat í fimm teyllum frá janúar 2022 og út skólaárið. Málum hefur fjölgað verulega á nýju skólaári og mikil eftirspurn eftir hegðunarráðgjafa. *Sjá mynd 8.*



Mynd 8: Yfirlit verkefna hegðunarráðgjafa frá nóvember 2021 – júní 2022.

Stóra og Litla upplestarkeppnin

Allir grunnskólar á svæðinu taka virkan þátt í Litlu upplestrarkeppninni með markvissum upplestraræfingum nemenda í 4. bekk. Textar eru lesnir upp bæði einstaklingslega og í kór og eru margar vel undirbúnar lokahátíðir haldnar þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið að koma í skólann og fylgjast með. Skólaþjónustan hefur ekki haft aðkomu að Litlu upplestrarkeppninni en hefur fengið sent lesefni frá Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framburð, og áframsent til grunnskólanna.

Upplestrarkeppnir í 7. bekk voru í fyrsta sinn í vetur haldnar án leiðsagnar Radda sem stýrðu verkefninu um Stóru upplestrarkeppnina yfir 25 ára skeið. Skólastjórar grunnskóla Árnesþings, í samráði við Kristínu Örnú Hauksdóttur frá skólaþjónustunni, skiptu skólunum í þrjú svæði, þannig urðu upplestrarkeppnirnar þrjár. Grunnskólarnir í Hveragerði og Þorlákshöfn héldu sameiginlega upplestrarkeppni. Flóaskóli, Flúðaskóli og Þjórsárskóli voru saman um keppni og loks Bláskógaskóli Laugarvatni, Kerhólsskóli og Reykholtsskóli. Skemmst er frá því að segja að skipulag og framkvæmd í höndum skólanna var til fyrirmyndar. Aðkoma ráðgjafa skólaþjónustunnar var lítil sem engin og ljóst að verkefnið er í góðum farvegi fagfólks skólanna. Nú hefur þessum kafla verið lokað í starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing en ráðgjöf stendur til boða, ef skólarnir óska eftir því.

Þróunarverkefnið Lesferill: Matstæki, greining gagna og lestrarkennslan.

Allir grunnskólar Árneshvíls tóku þátt í þróunarverkefni og fræðslu vegna matstækis Lesferils Menntamálastofnunar. Kristín Arna Hauksdóttir, kennsluráðgjafi var tengiliður skólaþjónustunnar við læsiráðgjafa Menntamálastofnunar Guðbjörgu Rut Þórisdóttur og Katrínu Ósk Þráinsdóttur.

Fræðsluerindi voru í höndum Menntamálastofnunar og voru eftirfarandi á haustönn 2021:

Námskeið 1: Matstæki Lesferils og undirbúningur undir greiningu gagna.

Markmiðið með námskeiðinu var veita kennurum upplýsingar um matstæki Lesferils og hugsmíðarnar sem þau meta.

Námskeið 2: Greining gagna, íhlutunarlíkan og lestrarkennslan.

Á námskeiðinu var farið yfir greiningu septembermats skólanna og hvernig til tókst með greiningu gagna úr Lesferli. Fjallað var um skipulag læsiskennslu (íhlutunarlíkan) og með hvaða hætti mögulegt er að koma til móts við alla nemendur með skýru og skipulegu verklagi.

Námskeið 3: Safnað í verkfærakistuna

Hér voru skólar beðnir um að gera stuttlega grein fyrir reynslu sinni að nýju aðferðunum sem þeir prófuðu. Farið var yfir gagnlegar aðferðir við lestrarkennslu út frá aldri og stöðu nemenda í lestri.

Lokafundur: Rýni/samráð með læsiráðgjöfum, kennsluráðgjafa, skólastjórum og tengiliðum.

Forvarnarteymi grunnskólanna

Forvarnarteymi grunnskólanna var innleitt í alla grunnskóla Árneshvíls skv. þingsályktun nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegur og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Þingsályktunin felur í sér fyrstu heildstæðu stefnuna um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á Íslandi. Áhersla á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, sem og í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Tengiliður skólaþjónustunnar, Kristín Arna Hauksdóttir, átti samstarf við forvarnarfulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga um stofnun forvarnarteyma og verklag því tengdu. Fundað var reglulega í vetur og skólarnir höfðu greiðan aðgang að tengiliði skólaþjónustunnar og forvarnarfulltrúa Sambandsins. Menntamálastofnun tók saman fræðsluefni vegna kennslu í öllum árgöngum og árið 2023 mun Barna- og fjölskyldustofa standa fyrir netnámskeiði um efnið fyrir allt starfsfólk skóla.

Landshlutateymi

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls tók þátt í verkefni landshlutateymis á Suðurlandi og var samstarfssamningur um verkefnið undirritaður í maí 2020. Verkefninu var framlengt og lauk í desember 2021. Aðilar að samningnum voru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölskyldusvið Árborgar, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls. Verkefninu lauk í maí 2021.

Í fagteymi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls v/verkefnisins voru Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennsluráðgjafi, Arna Ír Gunnarsdóttir félagsráðgjafi í málefnum fatlaðra, Ragnheiður Hergeirsdóttir fyrrverandi forstöðumaður til loka maí 2021 og Melkorka Jónsdóttir frá september 2021. Umsjónarmenn verkefnisins, ráðnar af GRR, voru Sigríður Oddný Guðjónsdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir. Helstu verkefni beindust að því að rýna í verklag, starfshætti og vinnulag varðandi þjónustu fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra, fyrir greiningu GRR, á meðan beðið er greiningar og eftir að niðurstöður liggja fyrir varðandi langtímaeftirfylgd.

Áherslur í Lausnateymi til ársloka vörðuðu innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi 1. janúar 2022.

Velferðarverkefni Almannaþinganna Árneshvíls

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls tók þátt í velferðarverkefni Almannaþinganna Árneshvíls. Umsjónarmenn verkefnisins voru Ragnheiður Hergeirsdóttir félagsráðgjafi MA og Dr. Sólveig Þorvaldsdóttir jarðskjálftaverkfræðingur.

Tilgangur verkefnisins var að draga úr tjónnæmi (e. vulnerability) og auka viðnámsþrótt/seiglu (e. resilience) íbúa, starfsfólks og samfélagsins í heild með því að byggja á gagnreyndum aðferðum og reynslu.

Markmið verkefnisins var að efla þekkingu og færni starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu sveitarfélaganna í Árneshvíls til að takast á við almannaþingarástand og aðstæður þegar hefðbundnir verkferlar duga ekki til og daglegt líf notenda þjónustunnar og annarra íbúa raskast eða stendur ógn af aðstæðum. Verkefninu á að ljúka með skýrslu eða greinargerð um lykilatriði velferðarþjónustu sveitarfélaga á tímum samfélagslegra áfalla og í kjölfar þeirra. Unnið var að gerð verkferla sem byggja annars vegar á daglegum verkefnum og skyldum velferðarþjónustunnar og hins vegar á faglegum þekkingargrunni á sviði velferðar og vát. Verkefnið var í formi fyrirlestra og mótunar verkferla eftir áveðnum sviðsmyndum samfélagsáfalla. Haldnir voru 3 vinnufundir, 2 klst. í senn, námskeið sem var 6 klst. þar sem viðbrögð voru æfð og síðan matsfundur í lokin. Tímalína verkefnisins var 15. ágúst 2021 til 1. febrúar 2022. Þátttakendur í verkefninu voru starfsfólk frá skóla- og velferðarþjónustu.

Innleiðing nemendaverndarráða í leikskóla í Árneshvíkingi

Þegar leið á vorönn 2022 hófst undirbúningsvinna við innleiðingu nemendaverndarráðsfunda í leikskólum. Áður höfðu leikskólinn Krakkaborg og leikskólinn Bergheimar tekið þátt í tilraunaverkefni um sambærilega fundi. Skv. reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 ber grunnskólum að starfrækja nemendaverndarráð, leikskólum er heimilt að stofna ráð eða teymi í leikskólum vegna samræmingar í málefnum einstakra barna. Teymisstjóri hafði umsjón með innleiðingavinnunni og horfði í þeirri vinnu til annara skólaþjónusta í nágrenni Árneshvíkingar til samanburðar. Verkefnið var rætt á fundum leikskólustjóra og fékk jákvæð viðbrögð. Teymisstjóri hafði samband við alla hlutaðeigandi varðandi setu í nemendaverndarráðum svo sem ráðgjafa í félagsþjónustum og hjúkrunarfræðinga í ung- og smábarnavernd hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Allir þeir aðilar sem leitað var til eru tilbúnir í verkefnið. Stefnt er að því að allir leikskólar í Árneshvíkingi hafi stofnað og hafið vinnu með nemendaverndarráð fyrir í lok árs 2022.

Samstarf við skólaþjónustur á Suðurlandi

Skólaþjónusta Árborgar og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíkingar eru nú sem áður í samstarfi vegna námskeiða og fræðslufunda. Þannig bjóðum við í Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíkingar starfsfólki í leik- og grunnskólum í Árborg að sækja námskeið á okkar svæði og fáum oft boð að sækja námskeið í Árborg. Einnig er starfsfólki á svæði skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu boðið að sækja námskeið í Árneshvíkingi.

Kennsluráðgjafar þessara þriggja skólaþjónusta hafa fest í sessi samstarf með fundum einu sinni á önn. Þar eru rædd málefni sem eru efst á baugi í skólastarfi og ráðgjöf hverju sinni.

Grunnur, félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum

Skólaþjónusta Árneshvíkingar er aðili í Grunni, félagi fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum. Haldnir eru fundir staðbundið að hausti og að vori og Teams fundir eru haldnir mánaðarlega. Auk félaga í Grunni sitja sérfræðingar frá Mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntamálastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga fundina. Þar er farið yfir ýmis málefni er varða skólamál auk þess sem fulltrúum gefst tækifæri til að hitta kollega og bera saman bækur sínar.

Dæmi um fundarefni skólaársins 2021-2022;

- Um Menntafléttu 2022-2023, námskeiðsframboð næsta skólaár
- Kynning á 30 eininga fjarnámi til diplómagráðu um farsæld barna.
- Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla.
- Bólusetningar 5-11 ára barna í janúar 2022
- Ofbeldi í skólum og úrræði til að bregðast við því.

- Um farsældarlög, innleiðingu og áhrif þeirra fyrir sveitarfélögin.
- Um ytra mat í leik- og grunnskólum.
- Þemahefti um frístundastarf.

Vorfundur Grunns var haldinn á Fáskrúðsfirði 4.-6. maí 2022, Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri sótti fundinn fyrir hönd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna. Þar voru málefni leikskólans í forgrunni en yfirskrift þingsins var “*Árli skal að auðnu hyggja*”. Málefni leikskólans voru rædd en margvíslegar áskoranir mæta leikskólunum er varða starfshætti, starfsaðstæður, stjórnsýslu og fagmennsku í leikskólastarfinu. Rætt var um nýlega skýrslu um styrkingu leikskólastigsins og mikilvægi þess að sveitarfélögin bregðist sem fyrst við alvarleika málsins sem þar kemur fram.

Þróunarvinna vegna eyðublaða

Starfsfólk skólaþjónustu vann þróunarvinna varðandi endurbætur á öllum eyðublaðum. Þetta eru þau eyðublað sem foreldrar og kennarar í leik- og grunnskólum fylla út þegar óskað er eftir aðkomu sérfræðinga skólaþjónustu, þ.m.t. til sálfræðings, kennsluráðgjafa, talmeinafræðings og hegðunarráðgjafa. Mikill metnaður og vinna var sett í verkefnið sem lauk í ágúst 2022. Tilgangur verkefnisins var að skýra enn betur tilvísunarefni, gefa foreldrum og kennurum tækifæri til frekari ígrundunar á vanda barns og hvaða þjónustu kallað væri eftir. Varðandi beiðni til kennsluráðgjafa var sjónum sérstaklega beint að námsumhverfi barna og tækifærum kennara til að skoða náms- og kennsluumhverfi í skólastofunni eða á deildinni til hagsbóta fyrir alla nemendur.

Covid-19

Skólaárið 2021-2022 hafði Covid-19 enn áhrif á skólastarf og þar með á vinnu sérfræðinga skólaþjónustunnar. Covid tók sýnar bylgjur og 11. janúar 2021 var neyðaráætlun Skóla- og velferðarþjónustu yfirfarin og hluti hennar virkjaður vegna fjölda smita í samfélaginu. Frá janúar og til loka mars var mikið um veikindi bæði í skólum og í röðum starfsfólks skólaþjónustu. Þjónustan var aldrei skert en gera þurfti ýmsar breytingar og tilhliðranir til að leysa verkefnið. Einnig kom til þess að fresta þurfti vinnsla mála vegna veikinda í skólunum.

Þess má geta að á meðan mestu topparnir stóðu yfir var fundað mun þéttar með skólastjórnendum en áður. T.d. voru stuttir Teams fundur með skólastjórnendum í grunnskólum alla föstudaga í janúar og febrúar samtals 7 fundir. Þar gátu stjórnendur borið saman bækur sínar og liðsinnt hver öðrum með verkefnið s.s. varðandi lokanir, nýjustu upplýsingar frá Sóttvarnaryfirvöldum og Almannavörnum og hvernig hentugast væri að bregðast við þeim hverju sinni. Skólastjórnendur voru afar duglegir að styðja hver annan, hvetja og standa saman í verkefninu.

Námskeið og fræðslufundir

Ein af meginstöðum í starfi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er að hafa fjölbreytt og metnaðarfull námskeið og fræðslufundi í boði fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum á starfssvæði þjónustunnar. Skólastjórar og kennarar hafa mikið um það að segja hvaða námskeið eru haldin. Það eru ýmist sérfræðingar skólaþjónustu eða utanaðkomandi sérfræðingar sem kenna á námskeiðunum. Þá er lögð áhersla á samráðsfundi kennara á svæðinu þar sem þeir kynna verkefni og vinnubrögð og deila þekkingu sín á milli. Skólar á svæðinu geta líka óskað eftir erindum sérfræðinga skólaþjónustu á fundum eða starfsdögum. Skólaþjónustan sækir árlega um styrk til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til endurmenntunar félagsmanna í Félagi grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands. Styrkurinn sem skólaþjónustan fær gerir okkur kleift að fá fyrirlesara og kennara sem eru fremstir á sínu sviði og geta ávallt kynnt það nýjasta sem er á döfinni hverju sinni. *Sjá töflu 6.*

Eftirtalin námskeið og fræðslufundir voru haldnir á síðasta skólaári

Námskeið/fræðslufundur	Umsjón	Staður	Tími
<i>Að byrja í grunnskóla - skólafærni fyrir foreldra barna í 1. bekk</i>	Hrafnhildur Karlsdóttir og Kristín Arna Hauksdóttir, kennsluráðgjafar. Anna Stefanía Vignisdóttir og Álfhildur Þorsteinsdóttir, talmeinafræðingar.	Grunnskólinn í Hveragerði, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Bláskógaskóli Laugarvatni, Reykholtsskóli, Flúðaskóli.	ágúst - september 2021
<i>Hver er sinnar gæfu smiður. Erindi á Endurmenntunardegi.</i>	Ingrid Kuhlman, ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.	Teams fjarnámskeið.	12. ágúst, kl. 9:30-11:30
<i>Bætt samskipti á vinnustað. Erindi á Endurmenntunardegi.</i>	Sóley Davíðsdóttir, sálfræðingur Litlu kvíðameðferðarstöðinni.	Teams fjarnámskeið.	12. ágúst, kl. 13:00-15:00
<i>Snemmtæk íhlutun í hnotskurn - verkfærakista</i>	Ásthildur Bj. Snorraddóttir og Bergrós Ólafsdóttir talmeinafræðingar	Teams fjarnámskeið.	
<i>Hlúum að andlegri vellíðan á krefjandi tímum.</i>	Ingrid Kuhlman, ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.	Teams fjarnámskeið.	7. febrúar kl. 14:30-15:30
<i>“Gefðu 10”, kynning á aðferð í málörvun fjöltyngdra barna</i>	Álfhildur Þorsteinsdóttir talmeinafræðingur	Teams fjarnámskeið.	19. janúar 2022
<i>“Óvissan og hvað svo?” - Líðan barna og unglunga í kjölfar heimsfaraldurs.</i>	Hugrún Vignisdóttir sálfræðingur á Litlu Kvíðameðferðarstöðinni.	Teams fjarnámskeið	9. mars 2022

Tafla 6: Yfirlit yfir námskeið og fræðslufundi skólaárið 2021-22

Lokaorð:

Þessi ársskýrsla er unnin af starfsfólki Skóla- og velferðarþjónustunnar í nóvember 2022. Þegar þessi orð eru rituð er ljóst að slíta á samstarfi þeirra sjö sveitarfélaga sem standa að SVÁ og framtíðarskipulag þjónustunnar því óljós.

Í ljósi þess hvetur starfsfólk SVÁ stjórn NOS til að vanda vel til verka við endurskipulag þjónustunnar og hafa í huga þá viðkvæmu málaflokka sem þar liggja undir; barnaverndin, málefni fatlaðs fólks, málefni aldraðra, félagsþjónustan og síðast en ekki síst skólaþjónustan sem hefur undanfarin ár eflst og dafnað mikið undir forystu SVÁ. Eins ber að nefna þá miklu sérfræðipækkingu og reynslu sem starfsfólk býr yfir sem viss hættu er á að tapist í þessu breytingum.

Eins vill forstöðumaður SVÁ nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki fyrir sérlega fagleg og vel unnin störf í oft mjög flóknu og krefjandi umhverfi byggðasamlagsins undanfarin misseri og óska öllum velfarnaðar og gæfu í þeim nýju verkefnum/störfum sem eru framundan.

F.h. Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls,

Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður.

